

Garðabær
Ársreikningur
2018

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kt. 570169-6109

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	31

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Garðabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 15.116 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 14.272 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,70% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,2% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 806 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 442 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2018 nam 17.259 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 15.463 millj. kr.

Sveitarfélagið birtir yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar er settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf*.


Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Garðabæ, 19. mars 2019.

Bæjarstjóri:



Bæjarráð:



Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Garðabæ, 4. apríl 2019.

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðandi sveitarfélagsins mun árita ársreikninginn samhliða áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Rekstrarreikningur ársins 2018

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	11.541.241	11.241.939	10.522.281	11.513.778	11.217.119	10.495.608
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	1.073.316	1.054.000	1.290.427	1.073.316	1.054.000	1.290.427
Aðrar tekjur	4	1.251.913	1.526.078	1.214.030	2.123.373	2.337.797	2.092.175
Gatnagerðartekjur	4	405.820	0	172.163	405.820	0	172.163
		14.272.289	13.822.017	13.198.901	15.116.286	14.608.917	14.050.373
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	6.786.383	6.815.665	6.431.240	6.890.733	6.851.312	6.627.920
Lífeyrisskuldbinding, breyting ...		188.649	280.000	168.721	188.649	280.000	149.781
Annar rekstrarkostnaður		5.670.086	5.516.271	4.902.551	5.862.414	5.698.205	5.028.492
		12.645.118	12.611.936	11.502.512	12.941.796	12.829.517	11.806.193
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		1.627.172	1.210.080	1.696.389	2.174.490	1.779.400	2.244.180
Afskriftir	8	(799.467)	(770.449)	(706.159)	(917.001)	(880.855)	(815.694)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og (fjármagnsgjalda)		827.705	439.632	990.230	1.257.489	898.545	1.428.486
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(385.748)	(335.864)	(198.319)	(451.672)	(430.769)	(275.196)
Rekstrarniðurstaða	13	441.957	103.768	791.911	805.817	467.776	1.153.290

Efnahagsreikningur

Eignir					
		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2018	2017	2018	2017
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	8	20.210.349	18.261.064	20.742.240	18.774.377
Byggingarland, veitu- og gatnakerfi	8	2.140.540	1.873.989	5.202.149	4.606.910
Áhöld og tæki	8	474.324	363.076	489.558	393.653
Leigðar eignir	8	239.177	279.556	239.177	279.556
		23.064.389	20.777.685	26.673.124	24.054.497
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	503.705	503.705	499.705	499.705
Langtímakröfur	10	0	0	1.401.105	1.374.632
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	10	1.221.230	1.293.376	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	11	1.041.590	0	1.041.590	0
		2.766.526	1.797.082	2.942.401	1.874.337
Fastafjármunir		25.830.915	22.574.766	29.615.524	25.928.834
Veltufjármunir					
Birgðir	3j	3.552	3.927	3.552	3.927
Skammtímakröfur:					
Oinnheimtar tekjur	12	1.650.925	1.593.913	1.654.320	1.597.491
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		1.086.304	979.378	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	11	40.020	0	40.020	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	10	114.495	108.162	0	0
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	10	0	0	18.244	16.940
Aðrar skammtímakröfur	12	95.668	53.369	99.460	57.099
Handbært fé	3i	21.764	18.943	21.764	18.943
Veltufjármunir		3.012.728	2.757.693	1.837.360	1.694.400
Eignir samtals		28.843.643	25.332.459	31.452.885	27.623.234

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2018	2017	2018	2017
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	15.462.963	14.275.275	17.259.329	15.707.781
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	14	2.264.382	2.170.842	2.264.382	2.170.842
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	15	7.041.711	4.814.566	7.992.640	5.750.983
Leiguskuldir	16	469.055	518.130	469.055	518.130
Fyrirframinnheimtar tekjur	17	944.232	816.216	944.232	816.216
		8.454.998	6.148.913	9.405.927	7.085.329
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		151.526	10.893	151.526	10.893
Skuldir við eigin fyrirtæki		158.441	97.400	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	913.561	801.655	929.533	816.565
Næsta árs afborganir leiguskulda	16	67.155	61.497	67.155	61.497
Skammtíamhluti lífeyrisskuldbindingar	14	79.223	84.656	79.223	84.656
Fyrirframinnheimtar tekjur	17	0	196.498	0	196.498
Aðrar skammtímaskuldir		1.291.393	1.484.830	1.295.810	1.489.172
		2.661.300	2.737.429	2.523.248	2.659.282
Skuldir og skuldbindingar samtals		13.380.680	11.057.184	14.193.556	11.915.453
Eigið fé og skuldir samtals					
		28.843.643	25.332.459	31.452.885	27.623.234

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings 19

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	13	441.957	103.768	791.911	805.817	467.776	1.153.290
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	799.467	770.449	706.159	917.001	880.855	815.694
Verðbætur og gengismunur		203.765	137.764	77.561	235.099	155.800	96.421
Söluhagn. varanl. rekstrarfjármuna	(	59)	0	0	(	59)	0
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	14	188.649	200.000	168.721	188.649	200.000	149.781
Veltufé frá rekstri		1.633.779	1.211.980	1.744.352	2.146.507	1.704.431	2.215.186
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður	11	(1.081.610)	(1.081.611)	0	(1.081.610)	(1.081.611)	0
Birgðir, breyting		375	0	0	375	0	0
Öinnheimtar tekjur, breyting	(	57.012)	75.000	(208.577)	(56.829)	75.000	(205.726)
Aðrar skammtímakröfur, breyting	(	42.299)	0	(458)	(42.361)	0	(3.314)
Skammtímaskuldir, breyting	(	193.436)	(247.911)	373.822	(193.361)	(247.911)	337.827
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting ..	(	68.481)	0	(76.158)	(68.481)	0	(86.101)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	14	(100.543)	(63.000)	(91.402)	(100.543)	(63.000)	(97.162)
		(1.543.006)	(1.317.522)	(2.773)	(1.542.811)	(1.317.522)	(54.476)
Handbært fé frá rekstri		90.773	(105.542)	1.741.579	603.696	386.909	2.160.710
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjármunum	8	(2.340.731)	(2.565.000)	(2.534.191)	(2.790.188)	(2.660.000)	(2.940.444)
Söluverð rekstrarfjármuna		350	0	0	350	0	0
Langtímakröfur, breyting	10	0	0	0	17.152	16.437	16.032
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki							
breyting	10	111.379	462.750	105.761	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(2.229.002)	(2.102.250)	(2.428.430)	(2.772.687)	(2.643.563)	(2.924.412)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....		140.633	0	2.560	140.633	0	2.560
Viðskiptast. eigin ft., breyting	(	45.884)	(63.212)	(61.688)	0	0	0
Tekin ný langtímalán	15	3.000.000	3.000.000	1.259.300	3.000.000	3.000.000	1.288.571
Afborganir langtímalána	15	(891.421)	(749.093)	(768.985)	(906.545)	(763.442)	(783.093)
Afborganir leiguskulda	16	(62.276)	(54.000)	(57.873)	(62.276)	(54.000)	(57.873)
Fjármögnunarhreyfingar		2.141.051	2.133.695	373.314	2.171.812	2.182.558	450.165
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		2.822	(74.097)	(313.536)	2.822	(74.096)	(313.536)
Handbært fé í ársbyrjun		18.943	411.262	332.479	18.943	411.262	332.479
Handbært fé í árslok		21.764	337.165	18.943	21.764	337.166	18.943

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Garðabær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 16.279 í árslok 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Garðatorgi 7.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2018 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð Garðabæjar. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Samveitur Garðabæjar, Hjúkrunarheimilið Ísafold, Strikið 3 og Garðahús ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, fyrir utan það sem fram kemur í skýringu 3.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnborgaðar tekjur. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á. Sala byggingaréttar og endurgreiddur byggingaréttur færast með sama hætti og söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna, þ.e. meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganeftndar 2/2010. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	10 - 50 ár
Veitukerfi	25 - 40 ár
Gatnakerfi	7 - 25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5 - 7 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir	10 - 25 ár
------------------	------------

g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

h. Langtímakröfur

- Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.
- Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamnings um hjúkunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

k. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

l. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

m. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

n. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2018. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi, sbr. skýringu 14.

o. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

p. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

q. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 19.

r. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 23.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	9.984.353	9.693.700	9.070.116	9.984.353	9.693.700	9.070.116
Fasteignaskattur	1.297.303	1.290.493	1.222.890	1.269.840	1.265.673	1.196.217
Lóðaleiga	259.584	257.746	229.275	259.584	257.746	229.275
	11.541.241	11.241.939	10.522.281	11.513.778	11.217.119	10.495.608
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Grunnskólaframlag	325.439	334.000	380.089	325.439	334.000	380.089
Framlag v. málefna fatlaðra ...	480.741	467.000	435.707	480.741	467.000	435.707
Framlag v. sérparfa fatlaðra .	57.450	41.400	48.200	57.450	41.400	48.200
Útgjaldajöfnunarframlag	172.735	179.000	359.450	172.735	179.000	359.450
Vegna skatts á fjármálaft.	0	0	31.593	0	0	31.593
Önnur framlög	36.951	32.600	35.388	36.951	32.600	35.388
	1.073.316	1.054.000	1.290.427	1.073.316	1.054.000	1.290.427
Skatttekjur samtals	12.614.556	12.295.939	11.812.708	12.587.093	12.271.119	11.786.035
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur	1.251.913	1.526.078	1.214.030	2.123.373	2.337.797	2.092.175
Gatnagerðartekjur.....	405.820	0	172.163	405.820	0	172.163
Rekstrartekjur samtals	14.272.289	13.822.017	13.198.901	15.116.286	14.608.917	14.050.373

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	5.430.618	5.417.010	4.978.824	5.456.751	5.439.194	5.083.092
Launatengd gjöld	1.292.496	1.301.604	1.178.499	1.299.336	1.307.056	1.205.950
Annar starfsmannakostn.	34.217	57.032	26.006	105.595	65.042	90.967
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs	29.052	40.019	247.911	29.052	40.019	247.911
	6.786.383	6.815.665	6.431.240	6.890.733	6.851.312	6.627.920

	2018	2017
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	1.051	995
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	733	685
Ársverk.....	794	749
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....	72.691	73.958

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur.....	15.112	25.100	21.917	121.565	125.100	106.234
Arður af eignarhlutum.....	16.414	15.000	20.291	16.414	15.000	20.291
Vaxtagjöld og verðbætur..... (	526.541) (	505.915) (	353.126) (	590.270) (	570.869) (	401.616)
Vextir af eigin fyrirtækjum.....	108.647	129.951	112.705	0	0	0
Gengismunur.....	619	0	(106)	619	0	(106)
Fjármunatekjur og						
(fjármagnsgjöld)	(385.748) (	335.864) (	198.319) (	451.672) (	430.769) (	275.196)

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	12.833.447	12.521.782	12.014.972
Félagsþjónusta	(1.870.906)	(1.632.544)	(1.535.914)
Heilbrigðismál	(6.276)	(6.700)	(8.851)
Fræðslu- og uppeldismál	(6.893.928)	(6.941.111)	(6.407.494)
Menningarmál	(218.194)	(225.150)	(187.908)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.674.429)	(1.654.554)	(1.480.956)
Brunamál og almannavarnir	(111.565)	(114.179)	(104.926)
Hreinlætismál	(103.633)	(94.971)	(81.369)
Skipulags- og byggingarmál	(288.494)	(225.435)	(235.328)
Umferðar- og samgöngumál	(1.036.611)	(996.320)	(836.953)
Umhverfismál	(394.346)	(392.267)	(339.009)
Atvinnumál	(225)	(1.000)	(900)
Sameiginlegur kostnaður	(847.318)	(909.855)	(574.870)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag til A deildar Brú lífeyrissjóðs	(29.052)	(40.019)	(416.631)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	943.482	1.020.291	813.910
Aðalsjóður samtals	301.950	307.969	617.772
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	177.174	(185.309)	208.385
Þjónustumiðstöð	(37.168)	(18.892)	(34.246)
A hluti samtals	441.957	103.768	791.911
B hluta fyrirtæki:			
Samveitur Garðabæjar	286.549	308.928	337.342
Ísafold	0	0	(51.542)
Strikið 3	84.516	69.071	79.727
Garðahús	(7.205)	(13.991)	(4.148)
A og B hluti	805.817	467.776	1.153.290

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi og gatnamannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	24.282.646	2.612.809	888.943	27.784.398
Afskrifað áður	(6.021.583)	(738.820)	(525.867)	(7.286.270)
Bókfært verð 1.1.2018	18.261.064	1.873.989	363.076	20.498.129
Viðbót á árinu	1.777.927	354.264	208.540	2.340.731
Fært út á árinu og fært milli eignaflokka	(118.045)	110.952	6.801	(291)
Endurmat lóða og lendna í árslok	745.731	0	0	745.731
Afskrifað á árinu	(456.328)	(198.666)	(104.093)	(759.088)
Bókfært verð 31.12.2018	20.210.349	2.140.539	474.324	22.825.212
Heildarverð 31.12.2018	26.688.260	3.078.025	1.104.285	30.870.569
Afskrifað samtals	(6.477.911)	(937.486)	(629.961)	(8.045.357)
Bókfært verð 31.12.2018	20.210.349	2.140.539	474.324	22.825.212
Afskriftarhlutföll	0 - 10%	2,5 - 15%	15 - 20%	

Fasteignir

Leigðar eignir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2018	713.131
Afskrifað áður	(433.575)
Bókfært verð 1.1.2018	279.556
Afskrifað á árinu	(40.379)
Bókfært verð 31.12.2018	239.177
Heildarverð 31.12.2018	621.930
Afskrifað samtals 31.12.2018	(382.753)
Bókfært verð 31.12.2018	239.177
Afskriftarhlutföll	4 - 10%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun	20.777.685
Viðbót á árinu samtals	2.340.731
Fært út á árinu	(291)
Endurmat lóða og lendna í árslok	745.731
Afskriftir samtals á árinu	(799.467)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok	23.064.389

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh. a. Bókfært verð frh.

A og B hluti	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi og gatnamannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1. 2018	24.916.098	6.745.931	972.552	32.634.581
Afskrifað áður	(6.141.721)	(2.139.020)	(578.899)	(8.859.640)
Bókfært verð 1.1. 2018	18.774.377	4.606.911	393.652	23.774.941
Viðbót á árinu	1.813.478	768.170	208.540	2.790.188
Fært út á árinu	(118.045)	110.952	6.801	(291)
Endurmat lóða og lendna í árslok	745.731	0	0	745.731
Afskrifað á árinu	(473.301)	(283.885)	(119.435)	(876.622)
Bókfært verð 31.12.2018	20.742.240	5.202.149	489.558	26.433.946
Samtals heildarverð 31.12.2018	27.357.262	7.625.053	1.187.893	36.170.209
Afskrifað samtals	(6.615.022)	(2.422.905)	(698.335)	(9.736.261)
Bókfært verð 31.12.2018	20.742.240	5.202.149	489.558	26.433.947
Afskriftarhlutföll	0 - 10%	2,5 - 15%	15 - 20%	
				Fasteignir
Leigðar eignir greinast þannig:				
Heildarverð 1.1.2018				713.131
Afskrifað áður				(433.575)
Bókfært verð 1.1.2018				279.556
Afskrifað á árinu				(40.379)
Bókfært verð 31.12.2018				239.177
Heildarverð 31.12.2018				713.131
Afskrifað samtals 31.12.2018				(473.954)
Bókfært verð 31.12.2018				239.177
Afskriftarhlutföll				4 - 10%
Samantekið:				
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun				24.054.497
Viðbót á árinu samtals				2.790.188
Fært út á árinu				(291)
Endurmat lóða og lendna í árslok				745.731
Afskriftir samtals á árinu				(917.001)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok				26.673.124

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2018 greinist þannig:

	Fjárfesting 2018	Áætlun 2018 með viðaukum
A hluti:		
Fasteignir:		
Leikskólar	110.120	100.000
Grunnskólar	1.030.161	1.260.000
Grunnskólar, framlag Urriðaholts ehf.	(261.795)	(400.000)
Íþróttamannvirki	518.306	430.000
Bæjarskrifstofur	253.389	240.000
Aðrar fasteignir og lóðir	127.747	245.000
	<u>1.777.928</u>	<u>1.875.000</u>
Gatna- og umferðarmannvirki:		
Gatnaframkvæmdir færðar til eignar	715.674	530.000
Hljóðvist, manir, stígar og annað	68.421	180.000
Bæjargarðar*	0	150.000
Gatnagerðargjöld, færð til lækkunar á eignfærslu	(21.654)	(300.000)
Gatnagerðargjöld, færð af fyrirframinnheimtum tekjum	(408.177)	0
	<u>354.264</u>	<u>560.000</u>
Áhöld og búnaður:		
Skólar, búnaður	81.223	43.800
Íþróttamiðstöðvar og leiksvæði, búnaður	19.274	15.200
Áhaldahús, bifreiðar og búnaður	6.463	7.000
Tölvur og búnaður	91.927	50.000
Bókasafn	3.847	4.000
Grenndargámar	5.805	10.000
	<u>208.539</u>	<u>130.000</u>
A hluti	<u>2.340.731</u>	<u>2.565.000</u>

* Framkvæmdir við bæjargarð falla inn í stíga, gatnagerð og áhöld og búnað.

B hluti:

Vatnsveita:

Stofnkostnaður	138.636	30.000
----------------------	---------	--------

Fráveita:

Stofnkostnaður	275.271	30.000
----------------------	---------	--------

Garðahús:

Stofnkostnaður	35.551	35.000
----------------------	--------	--------

B hluti	449.457	95.000
---------------	---------	--------

Samtals A og B hluti	2.790.188	2.660.000
----------------------------	-----------	-----------

Framkvæmdarkostnaður vegna fjárfestinga í nýjum gatnakerfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur, sbr. skýringu 17.

c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	18.279.850	22.544.040
Fasteignamat.....	15.031.121	19.054.001
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....	1.307.648	1.307.648
Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		10.048.173
Vátryggingaverðmæti götulýsingar.....		687.993
		<u>53.641.855</u>

9. Stofnframlag og eignarhlutir í félögum

Stofnframlag og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Garðahús ehf.	100,00%	100,00%	4.000	0
Langalína ehf.	100,00%	100,00%	0	0
Slökkvilið höfuðborgarsvæðis bs.	6,20%	6,20%	104.359	104.359
Sorpa bs.	5,60%	5,60%	33.422	33.422
Strætó bs.	6,22%	6,22%	25.969	25.969
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	3,76%	3,76%	333.386	333.386
Landskerfi bókasafna hf.	2,45%	2,45%	2.545	2.545
Spólur hf.			24	24
			503.705	499.705
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals			503.705	499.705

10. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

	Langtíma- kröfur á eigin fyrirtæki	Langtímakröfur	
		A hluti	A og B hluti
Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:			
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	1.401.538	0	1.391.572
Afborgun langtímakrafna á árinu	(111.379)	0	(17.152)
Verðbætur.....	45.566	0	44.930
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	1.335.725	0	1.419.350
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	(114.495)	0	(18.244)
	1.221.230	0	1.401.105

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019.....	114.495	0	18.244
Árið 2020.....	116.892	0	19.061
Árið 2021.....	119.397	0	19.913
Árið 2022.....	122.014	0	20.804
Árið 2023.....	124.749	0	21.735
Afborgun síðar.....	738.178	0	1.319.592
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	1.335.725	0	1.419.350

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

Meðal langtímakrafna í B hluta er krafa á ríkið vegna leigusamnings um hjúkrunarheimili. Leigusamningurinn er til 40 ára og er krafan upphaflega færð miðað við núvirtar lágmarksleigugreiðslur miðað við 4,5% vexti. Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samningsins eru 78,7 millj. kr. á ári. Eftirstöðvar kröfunnar námu 1.419 millj. kr. í árslok 2018.

Fjárhæðir til útreiknings skuldaviðmiðs sbr. 1. tl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 502/2012 eru eftirfarandi:

Lágmarksleigugreiðslur á árinu	78.674
Núvirði sem heimilt er að draga frá skuldum	1.419.350
Eftirstöðvar af samningi í árum	34,3

11. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggt með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórnar viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í febrúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í mars 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nam heildarframlagið 1.028 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 224,6 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi sem gjaldfært var að fullu á árinu 2017.
- 1.033,7 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, sem gjaldfært er á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 111,2 millj. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

